

Aðalfundur Menningarráðs Norðurlands vestra,

haldinn í Félagsheimilinu á Blönduósi, föstudaginn 27. ágúst 2010.

Aðalfundur Menningarráðs Norðurlands vestra var haldinn föstudaginn 27. ágúst nk., kl.

09.15, í Félagsheimilinu á Blönduósi.

Mættir voru 20 kjörgengir fulltrúar af 30. Fundurinn telst löglegur þar sem löglega var til hans boðað skv. samþykktum Menningarráðs Norðurlands vestra.

Formaður, Guðrún Helgadóttir setti fund og bauð þingfulltrúa velkomna. Tilnefndi hún Jón Óskar Pétursson fundarstjóra og Einar Kolbeinsson fundarritara. Tillagan samþykkt samhljóða. Fundarstjóri tók því næst við fundarstjórn og gengið var til dagskrár.

- 1. Skýrsla Menningarráðs Norðurlands vestra 2009.** Guðrún Helgadóttir formaður fór yfir helstu þætti í starfsemi ráðsins á starfsárinu og fjallaði um hlutverk ráðsins. Helstu verkefni árið 2009 voru sem fyrr auglýsing og úthlutun styrkja úr menningarsjóði. Styrkt voru fjölbreytt verkefni sem dreifðust vel um starfssvæði ráðsins. Áhersla hefur verið lögð á að styrkja ungt fólk og stuðla að samstarfi aðila á öllu starfssvæðinu. Formaður færði Ingibergi Guðmundssyni, starfsmanni menningarráðs, sérstakar þakkir fyrir vel unnin störf.

Fram kom í máli formanns að núgildandi menningarsamningur væri að renna sitt skeið og afar brýnt að viðhalda því góða samstafi sem samningurinn byggir á.

Þá færði formaður þakkir til félaga sinna í menningarráði og menningarfulltrúa, fyrir gott samstarf á starfsárinu.

- 2. Ársreikningur Menningarráðs Norðurlands vestra 2009 og fjárhagsáætlun Menningarráðs Norðurlands vestra 2010:** Ingibergur Guðmundsson, menningarfulltrúi skýrði ársreikning ráðsins fyrir árið 2009. Rekstartekjur námu 43.123.159 kr. Rekstargjöld námu 48.690.489 kr. Fjármagnstekjur umfram fjármagnsgjöld námu 2.700.868 kr. Rekstartap nam 2.866.462 kr. Gjaldfærðir styrkir námu á árinu 36.100.000 kr.

Þá skýrði menningarfulltrúi helstu þætti í fjárhagsáætlun ársins 2010. Samkvæmt reglum ráðsins ætti að leggja fram áætlun fyrir árið 2011 en ekki hefur verið gengið frá menningarsamningi við ríkið eftir árslok 2010.

Ársreikningur Menningarráðs árið 2009 og fjárhagsáætlun ársins 2010 voru bornar upp og samþykktar samhljóða.

- 3. Ákvörðun um þóknun til fulltrúa í menningarráðinu fyrir árið 2009.** Formaður bar upp tillögu að þóknun til fulltrúa í menningarráði fyrir árið 2010 væri óbreytt frá fyrra ári, eða kr. 12.500 pr. setinn fund fyrir almenna fulltrúa og kr. 18.750 fyrir formann.
Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.
- 4. Önnur mál.** Formaður, Guðrún Helgadóttir tók til máls og óskaði eftir því að fundarmenn tjáðu sig um starfsemi ráðsins. Bjarni Jónsson tók þeirri áskorun og þakkaði stjórn ráðsins vel unnin störf. Hann viðraði þá skoðun sína að tilurð og framkvæmd menningarsamningsins hafi orðið mjög til góðs varðandi menningarstarfsemi á svæðinu. Elín R. Líndal lýsti einnig ánægju sinni með starfsemina.

Einar Kolbeinsson, fundarritari.

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.